Nd. **490. Nefndarálit** **[131. mál]**

um frv. til laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt frumv. á nokkrum fundum sínum, en nefndarmenn ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir nefndarmenn (meiri hl. nefndarinnar) leggja til, að frumv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

a. Í stað „notkunarrétt“ í 1. málsgr. komi: afnotarétt.

b. Síðari málsl. 4. tölul. orðist þannig:

Í hlutafélögum skal 60 af hundraði hlutafjár vera eign íslenzkra ríkisborgara og íslenzkir ríkisborgarar fara með meiri hluta atkvæða á hluthafafundum.

Minni hluti nefndarinnar (BFB, SkG og RA) vill ganga lengra í takmörkun á eignarhluta erlendra manna í hlutafélögum, sem öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum hér á landi en meiri hl. nefndarinnar telur ástæðu til, og fleiri breytingar vill minni hl. nefndarinnar gera á frumv., t. d. viðkomandi heimild atvinnumálaráðherra til að veita undanþágur frá skilyrðum 1.—4. tölul. 1. gr. frumv. Mun minni hl. nefndarinnar annars gera grein fyrir skoðunum sínum á frumv. og breytingartillögum í sérstöku nefndaráliti.

Frumvarp þetta snertir aðeins eignarrétt og afnotarétt yfir fasteignum hér á landi. Við 1. umræðu málsins blönduðust þó inn í umræður atriði, sem varða rétt útlendinga til að stunda atvinnurekstur hér á landi. Þykir því rétt að prenta sem fylgiskjal með frumv. þessu lauslegt yfirlit yfir gildandi lagaákvæði um rétt útlendinga til að stunda atvinnurekstur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Alþingi, 14. apríl 1965.

Einar Ingimundarson, form., frsm.

Sigurður Ingimundarson, fundaskr.

Matthías Bjarnason.

Pétur Sigurðsson.

Fylgiskjal.

Lauslegt yfirlit yfir gildandi lagaákvæði um rétt útlendinga til að stunda atvinnurekstur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Danmörk:

Samkvæmt lögum (Næringslov nr. 138/1931 með síðari breytingum) þarf sérstakt leyfi til þess að stunda sjálfstæðan atvinnurekstur í hinum ýmsu greinum iðnaðar og verzlunar. Til þess að fá slíkt leyfisbréf þarf umsækjandi að vera danskur ríkisborgari búsettur í landinu, tuttugu og eins árs að aldri og hafa forræði á búi sínu.

Útlendingar, sem uppfylla þessi skilyrði, önnur en skilyrðið um ríkisborgararétt, geta fengið umrædd leyfi, eftir því sem heimilt kann að vera samkvæmt samningum við önnur ríki eða auglýsingu frá verzlunar- og iðnaðarmálaráðuneytinu. Sama ráðuneyti getur einnig að fenginni yfirlýsingu staðaryfirvalda veitt undanþágur frá áðurnefndum skilyrðum, en slík leyfisbréf skulu eigi gefin út til lengri tíma en 5 ára í senn.

Til þess að sameignarfélag megi reka atvinnu í þeim greinum, sem hér um ræðir, verða allir þeir félagsmenn, sem bera fulla ábyrgð á skuldbindingum félagsins, að fá leyfisbréf samkvæmt ákvæðum nefndra laga.

Erlend hlutafélög, sem látið hafa skrásetja útibú í hlutafélagaskrá, svo og önnur erlend félög með takmarkaðri ábyrgð, geta fengið leyfisbréf til atvinnurekstrar fyrir útibú sín, eftir því sem heimilt er samkvæmt samningum við önnur ríki eða auglýsingu verzlunar- og iðnaðarmálaráðuneytisins, eða samkvæmt sérstöku leyfi. Útibú erlendra hlutafélaga mega einungis selja atvinnurekendum, í hverra fyrirtæki er þörf fyrir þá vöru, sem um er að ræða. Með atvinnurekendum er hér einnig átt við samvinnufélög og opinberar stofnanir.

Hverjum þeim, sem er danskur ríkisborgari eða hefur dvalið í Danmörku samfellt í tvö ár, er heimilt að stunda fiskveiðar í danskri landhelgi, með þeim almennu takmörkunum, sem leiða kann af ákvæðum laga (l. nr. 500/1951). Ef félag rekur fiskveiðar, skal stjórn þess hafa aðsetur í landinu og meðlimir þess uppfylla framangreind skilyrði. Ef fiskveiðar eru stundaðar á skipi, skal það fullnægja þeim skilyrðum, sem krafizt er til að sigla undir dönskum fána, og skulu ⅔ hlutar áhafnarinnar uppfylla skilyrðin um ríkisborgararétt eða tveggja ára búsetu. Ríkisborgurum allra Norðurlanda er heimilt að stunda sportveiði með stöng, dorg eða öðrum handverkfærum á sama hátt og dönskum þegnum.

Noregur:

Í útlendingalögum (l. 27. júlí 1956) er svo kveðið á, að útlendingur, sem ætlar að reka sjálfstæða atvinnu í landinu, verði að fá til þess leyfi fyrir fram. Þetta tekur ekki til umferðarsala á vegum erlendra fyrirtækja. Þeir útlendingar, sem hyggjast setja á svið eða taka þátt í leiksýningum eða öðrum opinberum sýningum listræns eðlis, þurfa til þess leyfi aðeins eftir því sem konungur ákveður.

Til þess að fá leyfi til verzlunarrekstrar í Noregi þarf útlendingur, auk almennra skilyrða um menntun o. fl., að vera búsettur í landinu og hafa verið það s. l. 2 ár a. m. k. Hægt er þó, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá skilyrðinu um tveggja ára búsetu.

Að því er félög varðar, telst búsetuskilyrðinu fullnægt, ef tiltekinn fjöldi meðlima uppfyllir það. Þegar um er að ræða sameignarfélög, skulu ⅔ þeirra félagsmanna, sem fulla ábyrgð bera, uppfylla búsetuskilyrðið, en ef um er að ræða félag, þar sem sumir bera takmarkaða ábyrgð, þurfa einnig ⅔ hlutar stjórnarinnar (tilsynsrådet) að uppfylla það. Um hlutafélög og önnur félög með takmarkaða ábyrgð gildir sú regla, að þau teljast uppfylla búsetuskilyrðið, ef ⅔ stjórnar þess gera það.

Til þess að félag geti fengið verzlunarleyfi, þarf tiltekinn hluti félagsmanna og fyrirsvarsmanna félagsins að hafa verzlunarleyfi.

Leyfi til iðnrekstrar (iðnbréf) má veita þeim, sem búsettir eru í landinu og hafa verið það a. m. k. eitt ár samfleytt, enda uppfylli þeir hin almennu skilyrði til að stunda slíka atvinnu.

Öðrum en norskum ríkisborgurum og mönnum búsettum í landinu er óheimilt að stunda fiskveiðar innan norskrar landhelgi. Sama gildir um verkun, pökkun eða umhleðslu á fiski eða vörum unnum úr fiski, nema sérstakt leyfi hlutaðeigandi ráðuneytis komi til. Slíkt leyfi er ekki gefið, nema sérstaklega standi á, svo sem vegna skipskaða. Þeir, sem leyfi hafa til fiskveiða samkvæmt framansögðu, mega ekki án sérstaks leyfis stunda fiskveiðar með erlendum skipum, og ávallt verður a. m. k. helmingur áhafnarinnar að vera norskur.

Svíþjóð:

Útlendingar mega ekki án sérstaks leyfis stunda atvinnu eða inna af hendi starfsemi, sem leiðir af stöðu þeirra eða starfi erlendis. Undanþegnir eru þegnar Norðurlandanna allra. Undanþegnir eru einnig þeir útlendingar, sem hafa búsetuleyfi í landinu.

Útlendingi er heimilt að stunda útgerð skips, en hlutur hans í útgerðinni má aldrei vera meiri en ⅓, og aldrei má hann vera aðalútgerðarmaðurinn.

Heimilt er að veita útlendingum leyfi til að stunda verzlunar- og verksmiðjurekstur svo og iðngreinar, enda sé hann myndugur, og setja skal hann tryggingu fyrir greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarfélags fyrir þrjú ár. Verzlunarleyfi útlendings veitir honum ekki heimild til farandsölu. Við veitingu leyfa samkvæmt framansögðu skulu hlutaðeigandi stjórnvöld kanna og meta þörfina fyrir slíkan atvinnurekstur á þeim stað, sem hann er fyrirhugaður. Undanfarandi búsetu virðist ekki vera krafizt.

Heimilt er að veita erlendum fyrirtækjum, sem löglega eru stofnuð í heimalandinu, leyfi til að setja upp útibú. Forstjóri slíks útibús skal vera búsettur í landinu, og hann skal hafa umboð fyrirtækisins til þess að koma fram fyrir þess hönd í öllum málum og svara til saka fyrir það.